

Trúnaðarráð FVSA fundur nr 3, 2012/2013

Fimmtudaginn 10. janúar 2013 kom trúnaðarráð FVSA saman til fundar kl. 20.00 í fundarsal á 5 hæð í Alþýðuhúsinu. Undirritaðir sátu fundinn.

Stefán Einar Stefánsson formaður LÍV mætti á fundinn til að kynna stöðuna á endurskoðun kjarasamninga.

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir formaður setti fundinn og bauð fólk velkomið og sérstaklega Stefán Einar.

Stefán þakkaði boðið og byrjaði á því að kynna svólítið Landssambands íslenskra verslunarmanna.

Síðan fór hann yfir samninginn lið fyrir lið hvað hefði staðist og hvað ekki.

Hann fór gaumgæfilega yfir hlutina og urðu miklar umræður um hvort segja ætti upp samningnum eða ekki.

Mjög athyglisvert var að hlusta á Stefán og fundarmenn mjög ánægðir með kvöldið.

Úlfhildur þakkaði Stefáni fróðlega og skemmtilega yfirferð, þá kynnti hún Starfsdaginn 25. janúar n.k. fyrir fundarmönnum.

Þakkaði Úlfhildur fundarmönnum komuna og sleit fundi.

Sign: Kjartan Sigurðsson, Jón G Rögnvaldsson, Guðmundur Lárus Helgason, Helga Eymundsdóttir, Drífa Pétursdóttir, Sigurlaug Hinriks, Laufey Ingadóttir, Hallveig Stefánsdóttir, Guðríður Þorsteinsdóttir, Erna Magnúsdóttir, Gíslína Benediktsdóttir, Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir, Þórdís Bjarnadóttir, Erla Bjarnadóttir, Anna Kristín Árnadóttir, Inga Randversdóttir, Einar Hjartarson, Friðbjörg Jóhannsdóttir, Árni Þorvaldsson, Halldór Óli, Stefán Jónsson, Baldur Ingi Karlsson, Anna María Elíasdóttir, Eiður Stefánsson, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.

Eydís Bjarnadóttir

Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.